

RARIK

Garðabær, 22. október 2025

202509-0130/Á.G.

10.03.01

Efni: Umsókn um leyfi - Framkvæmdir á friðlýstum svæðum - Mývatn og Laxá

Náttúruverndarstofnun hefur móttækið umsókn RARIK, dagsett 18. september, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Rarik óskar eftir leyfi fyrir plægingu fyrir 12kV háspennustreng frá Hofstöðum að veiðihúsinu Hofi í Mývatnssveit. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir og frágangur verður unnin sumarið 2026. Jarðýta verður notuð við plægingu á strengnum. Strengkeflin verða á plógýtunni og/eða á öðru tæki framan við plógýtuna. Beltagrafa verður notuð til að fylgja jarðýtunni og lagfæra ummerki og lágmarka álag og gróður. 2-4 starfsmenn vinna að þessari plægingu auk þess sem að starfsmaður RARIK kemur til með að sinna verkeftirliti. Tveir starfsmenn RARIK sjá svo um tengingar þegar þar að kemur. Áætlaður verktími á heildarverkinu er í kringum 7 dagar, þar af 2 dagar á friðaða svæðinu. Loftlínan sem er nú til staðar verður svo fjarlægð veturinn eftir. Enginn mannvirki verða sett upp innan friðlýsta svæðisins vegna framkvæmdanna.

Umsagnir:

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr reglugerðar nr.665/2012 óskaði Náttúruverndarstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar þann 23.9.2025 og umráðamanna landeigna þann 7.10.2025. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst 20.10.2025 og í henni kemur fram að stofnunin hafi kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir og gerir ekki athugasemdir við þær eins og þeim er lýst í umsókninni.

Umsögn umráðanda landeignarinnar, Minjastofnunar Íslands, barst 8.10.2025 og þar kemur fram að Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina þar sem þarna er ný fornleifaskráning. Haft verður samráð við Minjastofnun við lagningu heimtaugar í kringum Hofstaði.

Áhrifamat:

Áætlað er að plægja jarðstrenginn meðfram heimreiðum í Hofstaði og Hof. Heimreiðin heim í Hof er öll innan verndarsvæðisins. Vænlegast er að fylgja veglínu þar sem um er að ræða þegar raskað svæði og mun þá framkvæmdin og jarðraskið sem henni fylgir hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði til lengir

tíma. Loftlínan sem fyrir er á svæðinu mun þá verða fjarlægð í framhaldinu sem mun hafa jákvæð sjónræn áhrif sem og jákvæð áhrif á fuglalíf svæðisins.

Niðurstaða og skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir RARIK fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdunum innan Mývatns og Laxár sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á framkvæmdarstað þar sem tilgreindur er framkvæmdartími og bent á hjáleiðir ef við á.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Þess skal gætt að framkvæmdirnar séu í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að hefja framkvæmdir á tímabilinu 1. maí til 20. júlí.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Öll vinnutæki þurfa að vera hreinsuð áður en þau koma inn á svæðið, til að koma í veg fyrir innflutning á ágengum tegundum frá öðrum svæðum.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðinn en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir,

starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfi Þingeyjarsveitar þarf fyrir framkvæmdunum.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllt

Hákon Ásgeirsson

sviðstjóri

Dagbjört Jónsdóttir

svæðissérfræðingur